

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 188/2014**

188-2015i

frá 25. september 2014

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/50/ESB frá 16. apríl 2015 um lágmarkskröfur við að efla hreyfanleika launafólks milli aðildarríkja með því að bæta leiðir til að öðlast og viðhalda viðbótarlífeyrisréttindum ⁽¹⁾.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 12. lið (tilskipun ráðsins 98/49/EB) í VI. viðauka við EES-samninginn:

„13. **32014 L 0050**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/50/ESB frá 16. apríl 2015 um lágmarkskröfur við að efla hreyfanleika launafólks milli aðildarríkja með því að bæta leiðir til að öðlast og viðhalda viðbótarlífeyrisréttindum (Stjtíð. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/50/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.